

um breyting á sveitastjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

94. gr. laganna hljóði svo:

Í sýslunefnd eiga sæti auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, sýslunefndarmenn, sem kosnir eru í hverju sveitarfélagi innan sýslufélagsins. Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða færri skal kjósa einn sýslunefndarmann, en í sveitarfélögum með yfir 400 íbúa skal kjósa tvo sýslunefndarmenn.

2. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði 15.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú regla mun hafa gilt, frá því sýslunefndaskipan var tekin upp hér á landi, að hver hreppur kys einn fulltrúa í sýslunefnd án tillits til þess, hvort hreppurinn er fámennur eða fjölmennur. Áhrif sýslubúa á úrlausn þeirra málefna, er sýslunefnd fjallar um, hafa því verið ærið misjöfn eftir því, hvar menn hafa búið í hreppi, og finna má þess fjölmörg dæmi, að minni hluti sýslubúa eigi meiri hluta í sýslunefnd. Úr þessu misrétti þarf að bæta og er það tilgangur þessa frumvarps, sem kveður svo á, að hreppar með yfir 400 íbúa skuli kjósa tvo fulltrúa í sýslunefnd. Þessi leiðrétting er enn nauðsynlegri nú en áður sökum þess, að á síðustu áratugum hefur fólksfjöldamisræmið innan hreppanna sífellt farið vaxandi, þannig að þeim hreppum fjölgar stöðugt, sem eru annars vegar mjög fámennir og hins vegar mjög fjölmennir.

Til að skýra mál þetta betur fara hér á eftir tölur yfir íbúafjölda í fámennasta og fjölmennasta hreppi í nokkrum sýslum landsins miðað við manntalsskýrslur 1. desember 1968:

Gullbringusýsla:

Garðahreppur	2539 íbúar
Hafnahreppur	175 —

Mýrasýsla:

Borgarnes	1100 íbúar
Þverárhliðahreppur	95 —

Snæfellsnessýsla:

Stykkishólmur	1054 íbúar
Fróðárhreppur	32 —

V.-Barðastrandarsýsla:

Patreksfjörður	1031 íbúar
Ketildalahreppur	38 —

N.-Ísafjarðarsýsla:

Hólshreppur	946 íbúar
Snæfjallahreppur	45 —

A.-Húnavatnssýsla:

Blönduós	676 íbúar
Vindhælishreppur	87 —

N.-Þingeyjarsýsla:

Raufarhöfn	459 íbúar
Fjallahreppur	25 —

S.-Múlasýsla:

Eskifjörður	912 íbúar
Helgustaðahreppur	50 —

Árnessýsla:

Selfoss	2405 íbúar
Selvogshreppur	26 —

Þessar tölur sýna glögg, hversu ranglátt það er og fjarlægt heilbrigðri lýðræðiskennd að láta alla hreppa í sömu sýslu, án tillits til íbúafjölda þeirra, hafa sömu áhrif innan sýslunefndar.